

Mjöll-Frigg ehf.  
Norðurhelli 10  
221 Hafnarfirði

Reykjavík, 1. febrúar 2022  
UST202003-527/F.K.  
07.05.02

### Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags 21. október 2019 þar sem kynnt var eftirlit með flokkun, merkingum, umbúðum, öryggisblöðum og skráningu hættulegra efna sem framleiddar eru hér á landi, eftirlitsskýrslu og bréfs um niðurstöður eftirlits sem birt voru á vef Umhverfisstofnunar.<sup>1</sup>

Mjöll-Frigg ehf. var ábyrgt fyrir markaðssetningu varanna Sáms 2000 túrbó tjöruhreinsis (1L og 5L) og Mjöll-Frigg uppþvottalagar (1L) hérlendis og leiddi skoðun á þeim í ljós frávik varðandi flokkun, merkingu, umbúðir og öryggisblöð.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur varðandi vöruna Sám 2000 túrbó og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörunar eru ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins. Fyrirtækið hefur ákveðið að hætta alfarið framleiðslu á Mjöll-Frigg uppþvottalegi en hefur staðfest að það muni verða við kröfum Umhverfisstofnunar varðandi úrbætur á merkingum á þeim lagervörum sem þegar hafa verið framleiddar af Mjöll-Frigg uppþvottalegi (564 flöskur) áður en lagervörurnar eru fluttar á sölustaði.

Telst máli þessu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með vörunum Sámi 2000 túrbó tjöruhreinsi (1L og 5L) og Mjöll-Frigg uppþvottalegi (1L) og því aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Mjöll-Frigg ehf. setur á markað, standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Virðingarfyllst,

Fífa Konráðsdóttir,  
*sérfræðingur*

Ísak Sigurjón Bragason,  
*sérfræðingur*

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/efnaeftirlit/nidurstodur-efnaeftirlits/nidurstodur-efnaeftirlits-2020/>